

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).

Hinn 10. september 1965 var framkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands á breytingum á 17. og 18. grein samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 6. marz 1948, sem gerðar voru með ályktun A.69(ES.II) á öðru aukabingi stofnunarinnar hinn 15. september 1964. Þessar breytingar tóku gildi hinn 6. október 1967.

Hinn 8. marz 1967 var framkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands á breytingum á 28. grein samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem gerðar voru með ályktun A.70(IV) á fjórða þingi stofnunarinnar hinn 28. september 1965. Þessar breytingar tóku gildi hinn 3. nóvember 1968.

Samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar var birt í A-deild Stjórnartíðinda 1960 með lögum nr. 52 dags. 11. júní 1960, en orðalag 17., 18. og 28. greinar eftir breytingarnar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. nóvember 1969.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

17. gr.

Í ráðinu eiga átján aðilar sæti, sem kjörnir eru af þinginu.

Article 17

The Council shall be composed of eighteen members elected by the Assembly.

18. gr.

Þegar þingið kýs aðila til setu í ráðinu, skal fylgt eftirfarandi meginreglum:

Article 18

In electing the members of the Council, the Assembly shall observe the following principles:

- a. Sex séu stjórnir þeirra ríkja, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við alþjóðabjónustu á sviði siglinga;
- b. sex séu stjórnir annarra ríkja, sem mestra hagsmuna hafa að gæta vegna alþjóðlegra flutninga á sjó í viðskipaskyni;
- c. sex séu stjórnir ríkja, sem ekki hafa verið kjörnir samkvæmt a. og b. lið hér að ofan, en hafa þó sérstakra hagsmuna að gæta vegna flutninga á sjó eða siglinga, enda tryggi kjör þeirra til setu í ráðinu, að allir helztu heimshlutar eigi þar fulltrúa.

- (a) six shall be governments of States with the largest interest in providing international shipping services;
- (b) six shall be governments of other States with the largest interest in international seaborne trade;
- (c) six shall be governments of States not elected under (a) or (b) above, which have special interests in maritime transport or navigation and whose election to the Council will ensure the representation of all major geographic areas of the world.

28. gr.

Öryggismálanefndina skipa sextán aðilar, sem þingið kys úr hópi stjórna þeirra aðildarríkja, sem hafa mikilsverðra hagsmuna að gæta í sambandi við öryggi á hafinu, þannig að:

- a. Átta aðilar séu kjörnir úr hópi þeirra 10 ríkja, sem eru eigendur stærstu skipaflotanna;
- b. fjórir aðilar séu kjörnir á þann veg, að tryggt sé skv. þessum undirlið, að eitt ríki í hverjum eftirtalinna heimshluta eigi fulltrúa:
 - I. Afríka
 - II. Ameríka
 - III. Asía og Eyjaálfa
 - IV. Evrópa.
- c. Fjórir síðustu aðilarnir séu kjörnir úr hópi þeirra ríkja, sem að öðru leyti eiga ekki fulltrúa í nefndinni.

Vegna ákvæða þessarar greinar skal telja með ríkjum, sem hafa mikilsverðra hagsmuna að gæta í sambandi við öryggi á hafinu, til dæmis ríki, sem leggja til mikinn fjölda skipverja eða hafa hagsmuna að gæta í sambandi við flutning farþega í hvílum eða án hvíla.

Aðilar í öryggismálanefndinni skulu kosnir til 4 ára og eru kjörgengir til endurkjörs.

Article 28

The Maritime Safety Committee shall consist of sixteen members elected by the Assembly from members, Governments of those States having an important interest in maritime safety of which:

- (a) Eight members shall be elected from among the ten largest shipowning States.
- (b) Four members shall be elected in such manner as to ensure that, under this sub-paragraph, a State in each of the following areas is represented:
 - I. Africa
 - II. The Americas
 - III. Asia and Oceania
 - VI. Europe.
- (c) The remaining four members shall be elected from among States not otherwise represented on the Committee.

For the purpose of this Article, States having an important interest in maritime safety shall include, for example, States interested in the supply of large numbers of crews or in the carriage of large numbers of berthed or unberthed passengers.

Members of the Maritime Safety Committee shall be elected for a term of four years and shall be eligible for re-election.

Nr. 21.

10. desember 1969.

AUGLÝSING

um fullgildingu samnings um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum, sem skotið hefur verið út í himingeiminn.

Hinn 4. desember 1969 voru utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna afhent fullgildingarskjöl Íslands að samningnum um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum, sem skotið hefur verið út í himingeiminn, sem gerður var í Washington, London og Moskva hinn 22. apríl 1968 og undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Samningurinn gekk í gildi hinn 3. desember 1968, en gildistaka aðildar Íslands miðast við afhendingu fullgildingarskjala.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. desember 1969.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.